



HÍ

HEILBRIGÐISVÍSINDASTOFNUN

Þýðingar matstækja

Verklag og ráðleggingar

Próffræðistofa
Heilbrigðisvíssindastofnunar
Janúar 2022

Yfirlit

- Uppbygging
 - Inngangur
 - Grundvallarþættir þýðingarferlis
- Styðjumst við eftirfarandi greinar
 - Einar Guðmundsson. (2005). Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa. *Sálfræðiritið*, 10, 23-40.
 - Sigurgrímur Skúlason. (2005). Hvernig mæla á hugsmíðar með erlendum mælitækjum: Þýðing og staðfærsla á spurningalistum og prófum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 69-81.
 - Einar Guðmundsson. (2009). Guidelines for translating and adapting psychological instruments. *Nordic Psychology*, 61(2), 29-45.

Inngangur I

- Rannsakendur eru oft í þeirri stöðu að vilja þýða spurningalista eða matstæki
 - Þegar til eru erlend matstæki sem hafa reynst vel getur verið eftirsóknarvert að nota þau í stað þess að búa til ný
 - *Getur* sparað tíma
 - Möguleiki á alþjóðlegum samanburði
- En – eiginleikar upprunalegrar útgáfu matstækisins þurfa ekki að haldast óbreyttir í þýddum útgáfum
 - Áreiðanleiki og réttmæti
- Markmið þýðingar er að gæði matstækisins haldist þau sömu
- Við viljum afla *sambærilegra upplýsinga* með *sambærilegri nákvæmni*

Inngangur II

- Með þýðingu er beint og óbeint stuðlað að útbreiðslu og notkun matstækis
 - Þeim mun mikilvægara að vel sé að henni staðið
- Lengi vel voru engar formlegar kröfur / reglur til hérlendis um hvernig skyldi staðið að þýðingu og staðfærslu
- Nú ýmsir alþjóðlegir staðlar til
 - [International Test Commission](#)
 - [Standards for Educational and Psychological Testing](#) (APA o.fl.)

Þýðingarferlið

- Þættir sem skildi alltaf taka afstöðu til, skrásetja og greina frá við þýðingu matstækis*
 - Rök fyrir vali
 - Hæfni og þekking þeirra sem koma að þýðingu
 - Þýðingar (og staðfærslu)aðferð – kostir hennar og gallar
 - Forprófun í viðeigandi úrtaki
 - Skrásetning upplýsinga og leiðbeiningar til notenda
 - (Stöðlun)

*Kröfur eru strangari ef meinингin er að nota matstæki í millilandasamanburði

Þýðingarferlið – val

- Það þurfa að vera skýr rök fyrir því af hverju tiltekið matstæki er valið
 - Hver er þörfin og hvernig svarar valið matstæki þeirri þörf?
 - Af hverju þetta matstæki umfram önnur?
 - Hentar matstækið ætluðum tilgangi? Rannsókn, skimun, greining
 - Hvað er vitað um eiginleika þess? Áreiðanleiki og réttmæti
- Gæði í upprunalegri þýðingu má í mörgum tilvikum líta á sem þak
 - Eiginleikar eru oft ívið lakari í þyddum útgáfum
 - Taka þetta með í reikninginn þegar tæki er valið

Þýðingarferlið – hæfni

- Stundum setja höfundar lista fram formlegar kröfur um hæfni þýðenda
- Annars má líta á eftirfarandi sem eðlilegar kröfur:
 - Tvítyngi og þekking á menningu beggja landa
 - Sérfræðibekking á efnistökum matstækis og markhópi þess
 - Þekking á aðferðafræði spurningalista, próffræði og tölfraði
 - Menntun og reynsla sem skiptir máli: Tungumálamenntun, löggilding til skjalabýðingar, starfsreynsla við þýðingar, áður útgefnar þýðingar
- Þessir eiginleikar geta vegið misbungt eftir aðstæðum
 - En tvítyngi eða gott vald á báðum tungumálum er grundvallar forsenda

Þýðingarferlið – hæfni

- Yfirleitt koma nokkrir aðilar að verkinu sem í sameiningu uppfylla viðmiðin
- Mikilvægt er að hæfni þýðenda og þeirra sem koma að verkinu sé skráð og gerð aðgengileg
- Aðilar með sérþekkingu á því efni sem matstæki tekur til ættu alltaf að koma að þýðingu í einhverri mynd, ef ekki sem þýðendur þá sem matsmenn
 - Önnur ófrávíkjanleg forsenda

Þýðingarferlið – aðferð

- Þýðing og bakþýðing
 - Einn eða fleiri þýða af frummáli yfir á íslensku
 - Einn eða fleiri óháðir þýða svo þýðinguna aftur yfir á frummál
 - Upprunaleg þýðing og bakþýðing bornar saman – gæði metin m.t.t. þess hversu lík bakþýðing er upprunalegri þýðingu
- Kostir: Getur borið kennsl á upplýsingar sem bætast við, upplýsingar sem vantar, orð sem hafa verið rangt þýdd
- Gagnrýni: Það að þýðing bakþýðist vel þarf ekki að þýða að hún sé vönduð

Þýðingarferlið – aðferð

- Tvær eða fleiri sjálfstæðar þýðingar
 - Tveir eða fleiri þýða sjálfstætt
 - Útgáfur eru svo bornar saman, frávik fundin og leidd til lykta, sameinað í eina
 - Óháður aðili fer yfir þýðingu og ber saman við upprunalega útgáfu – athugasemdir og tillögur að lagfæringum
- Kostir: Hægt að bera saman ólíkar leiðir í orðavalri, ólíkar leiðir til aðlögunar að íslenskum veruleika. Hægt að leggja mat á flæði texta, gæði tungumálsins
- Ókostir: Gæði endanlegrar þýðingar velta að miklu leyti á hæfni óháða aðilans. Enginn hlutlægur mælikvarði á gæði endanlegrar þýðingar

Vandamál í þýðingum

- Fjölmög vandamál geta komið upp í þýðingarferli matstækis
- Menningarmunur getur skert alhæfingargildi – einkum ef upprunaleg skilgreining víesar til sértækra menningarbundinna einkenna
 - Dæmi: Atriði sem snýr að verðgildi peninga hefur sterk tengsl við magnbundna hugsun í USA en engin tengsl á Íslandi (Sigurgrímur Skúlason, 2005)
 - Hvernig nær mælitæki / atriði utan um hugsmíðina eins og hún er skilgreind í *þýðingarlandinu*
- Ef hugsmíð / inntak yfirfærist illa yfir á íslenskt samfélag: Skertur trúverðugleiki -> lakari próffræðilegir eiginleikar

Vandamál í þýðingum

- Getur verið betra að semja ný sambærileg atriði (dæmi um staðfærslu)
 - Dæmi: Hvað annað en tilfinning fyrir verðgildi peninga gæti vitnað um magnbunda hugsun meðal íslenskra barna?

Þýðingarferli – forprófun

- Þýðingarferli lýkur ekki fyrr en með forprófun spurningalista / matstækis í viðeigandi úrtaki
- Með forprófun má meta
 - Í smærra úrtaki: Hversu vel tókst til með þýðingu – skiljast spurningar vel / eins og þeim er ætlað? Hvernig tókst staðfærsla? Mögulegar aðlaganir / betrumbætur
 - Í stærra úrtaki: Hverjir eru eiginleikar þýðingarinnar – áreiðanleiki og réttmæti
 - Hversu gott samræmi er á milli upprunalegrar og þýddrar útgáfu
 - Ef nota á í alþjóðlegum samanburði eru þessar kröfur strangar
 - Metið að miklu leyti með þar til gerðum tölfraðiaðferðum

Þýðingarferli – stöðlun

- Ætti að vera endanlegt markmið þýðinga
 - ...þó það raungerist oft ekki strax
- Varast ber að leggja of mikla trú á erlend viðmið
 - Þarf að taka afstöðu til þess hversu viðeigandi erlend norm eru við túlkun hérlendis
- Framangreind viðmið eiga þeim mun meira erindi þegar að matstæki eru sett fram án þess að vera stöðluð
 - Ekki síst það sem réttmætisathuganir forprófana og annarra rannsókna leiða í ljós

Samantekt – skráning upplýsinga

- Mikilvægt er að halda öllum upplýsingum til haga og greina frá með viðeigandi hætti
 - Af hverju var lagst í að þýða matstækið?
 - Hverjir eru eiginleikar matstækis í upprunalegri þýðingu?
 - Hver var hæfni þýðenda og þekking á efninu?
 - Hvaða aðferð var valin til þýðingar?
 - Hvaða álitamál komu upp við þýðingu?
 - Voru einhverjar staðfærslur gerðar? Og hvernig?
 - Hvað leiddu forþrófanir í ljós?
 - Er ástæða til þess að leiðbeina notkun með einhverjum hætti?

Lokaorð

- Próffræðistofa er til ráðleggingar varðandi allt framangreint
- Fyrirspurnir má senda á phvs@hi.is
- Bendum á vefsíði PS á vef Heilbrigðisvísdastofnunar
<https://heilbrigdisvisindastofnun.hi.is/proffraedistofa-heilbrigdisvisindastofnunar>

Takk fyrir